

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. október 2019

Tilvísun: 201910-9720, 0.1

Umsögn um drög að frumvarpi um íslenska landshöfuðlénið .is

Hugverkastofan sendir hér með umsögn sína um drög að frumvarpi til laga um íslensk landshöfuðslén sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda þann 30. ágúst sl. Stofnuninni er kunnugt um að frestur sá sem veittur var til þess að skila inn umsögn er liðinn. Hins vegar var stofnuninni ekki ljóst að frumvarpsdrögin væru komið fram til umsagnar á þeim tímapunkti og því berst umsögn stofnunarinnar svo seint. Óskast erindi þetta tekið til skoðunar engu að síður.

Hugverkastofan vill fyrst af öllu lýsa yfir ánægju með þau frumvarpsdrög sem hér liggja fyrir. Löngu tímabært er að sett séu lög um landshöfuðlénið og er miður að fyrra frumvörp hafi ekki náð fram að ganga.

Í frumvarpsdrögum þeim sem hér eru til skoðunar er áherslan mest á öryggissjónarmið í tengslum við rekstur internets á Íslandi ásamt því að mótaður er rammi utan um starfsemi skráningarárstofo innan íslenskrar lögsögu. Þessu markmiði frumvarpsins fagnar Hugverkastofa. Hins vegar telur stofnunin að eðlilegt hefði verið að frumvarp þetta hefði einnig að geyma efnisreglur um skráningu léna, afskráningu og deilumál svo sem þegar árekstur verður milli lénaheitis og skráðra vörumerkja.

Nokkuð algengt er að skráð vörumerki séu notuð sem lénaheiti af aðilum sem ekki hafa til þess heimild frá eiganda vörumerkis. Komi slík tilvik upp hefur eigandi vörumerkis þann möguleika að óska eftir að úrskurðarnefnd Isnic-Internet á Íslandi hf. um lénamál taki málið til skoðunar í samræmi við reglur þar um. Fyrir þessu úrræði eru hins vegar engar skýrar heimildir aðrar en ákvæði í reglum Isnic og skráningarárstofo er í raun í lófa lagið að breyta sínum reglum og framkvæmd um deilumál.

Hugverkastofan telur mikilvægt að tekið verði af skarið með að skráning léns skuli ekki ganga gegn lögum eða gegn betri rétti annarra, svipað og fram kom í 11. gr. eldra frumvarps frá 140. löggjafarþingi.

Þá var í eldra frumvarpi einnig fjallað um meðferð deilumála. Ekki er í frumvarpi þessu að finna neina umfjöllun um úrskurðarnefndir, hvort að skráningarárstofo verði skyld að hafa á sínum snærum slíka úrskurðarnefnd eða eftir hvaða reglu slíkar nefndir skuli fara. Áður hefur verið lagt til að leggja nefndina niður þar sem m.a. lagastoð hennar þotti vafasöm.

Hugverkastofan telur að rétt hefði verið að skoða stöðu þeirrar nefndar einnig á við vinnslu þessa frumvarps nú. Benda má á að Svíar njóta aðstoðar Alþjóðahugverkastofnunarinnar við að leysa úr deilumálum vegna .se léna og væri það möguleiki einnig fyrir Ísland.

Frumvarpið sem hér er um rætt er vel unnið og tímabært en Hugverkastofan telur að mikilvægt sé að skoða í því



samhengi einnig efnisreglur um lén sem og úrlausn deilumála. Stofnunin lýsir sig reiðubúna til frekara samtals við áframhaldandi vinnslu frumvarpsins og þinglega meðferð.

Virðingafyllst,
Brynhildur Pálmarsdóttir
Hugverkastofan
Brynhildur Pálmarsdóttir